

Reglur um gæðaráð Háskólans á Akureyri

I. Hlutverk og verkefni gæðaráðs

Gæðaráð er fastanefnd háskólaráðs og starfar samkvæmt 8. gr. Reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009. Gæðaráð ber ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans. [Rektor ber endanlega ábyrgð á gæðakerfi háskólans en dagleg umsjón með rekstri þess er í höndum gæðastjóra sem jafnframt er í forsvari.]¹ Rektor gefur út starfslýsingu fyrir gæðastjóra.

1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 17. sept. 2015

II. Skipan gæðaráðs

[Í gæðaráði sitja gæðastjóri í forsæti, fulltrúar fræðasviða, forstöðumaður kennslumiðstöðvar og forstöðumaður nemendaskrár]¹ auk tveggja fulltrúa nemenda sem FSHA tilnefni og tveggja fulltrúa sem starfsmenn tilnefna. Annar fulltrúa starfsmanna skal vera akademískur starfsmaður. Einnig skal tilnefna varafulltrúa nemenda og starfsmanna og sitja tilnefndir fulltrúar í tvö ár í gæðaráðinu.

[Gæðaráð skiptir með sér verkum og skipar sér ritara.]²

1) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 17. sept. 2015

2) Breytt með ákvörðun háskólaráðs 15. okt. 2015.

III. Starfshættir og viðfangsefni gæðaráðs

Gæðaráðið skal kallað saman að jafnaði einu sinni í mánuði. Viðfangsefni gæðaráðs eru:

- að tryggja að háskólinn standist ávallt þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans
- að vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans
- að vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál háskólans
- að stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati innan háskólans
- að samþykkja, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum
- að vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og starfa með vísindaráði hans að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri
- að safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum
- að taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans
- að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfs mats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni

IV. Almenn ákvæði

Reglur þessar eru settar af háskólaráði samkvæmt 8. gr. Reglna fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 og öðlast þegar gildi.

Háskólanum á Akureyri 9. mars 2011

Stefán B. Sigurðsson
Rektor

Sigurður Kristinsson
varaforseti háskólaráðs